

Fundargerð 137. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 5. nóvember 2024 kl. 14:00-15:30
Fundurinn var fjarfundur og fór fram á teams.

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Heiðrún Björk Gísladóttir, Helga Kristín Kolbeins, Margrét Sigurðardóttir.

Forföll boðuðu: Karl Rúnar Þórsson, Hulda Birna Baldursdóttir og Hulda Anna Arnljótsdóttir.

Frá FA mættu: Hildur Betty Kristjánsdóttir og Björn Garðarsson.

DAGSKRÁ

1. **Fundargerð síðasta fundar.**

Afgreiðsla: Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt.

2. **Úthlutun 2025**

a. *Skipting sjóðs milli úthlutunarflokka: Námsleiðir, náms- og starfráðgjöf, raunfærnimat, þróunarverkefni og óráðstafað.*

Samkvæmt framkomnu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2025 eru áætlað framlag til Fræðslusjóðs 985.4 milljónir. Að auki eru eftirstöðvar í Fræðslusjóði 27.5 milljónir. Alls eru því 1.012.900 milljónir til úthlutunar.

Afgreiðsla: Eftirfarandi skipting var samþykkt.

Óráðstafað eru 21.9 milljónir, sem haldið var utan við úthlutun þar sem beðið er svars frá félags- og vinnumarkaðráðuneytinu um heimild til að sjóðurinn greiði að hluta fyrir eigin rekstur. Verði svarið jákvætt verður gerður samningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins en annars munu upphæðin koma til úthlutunar með viðbótarúthlutun haustið 2025.

TIL ÚTHLUTUNAR	
Framlag 2025 skv. fjárlagafrumvarpi	985,400,000
Staða Fræðslujóðs 01/10/2024	27,500,000
Alls til ráðstöfunar	1,012,900,000
SKIPTING SJÓÐS	
Úthlutunarflokkar	Samþykkt skipting
Vottaðar námsleiðir	636,000,000
Náms- og starfsráðgjöf	154,000,000
Raunfærnimat	163,000,000
Þróunarsjóður	38,000,000
Rekstur/Óráðstafað	21,900,000
Samtals	1,012,900,000
MISMUNUR	-

b. *Umsóknir 2025*

Eftirfarandi tafla sýnir umsóknir fræðsluaðila um framlög til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats fyrir árið 2025.

Fræðsluaðili	Vottaðar námsleiðir	Náms- og starfsráðgjöf	Raunfærnimat
Mímir-símenntun	286,000,000	42,000,000	25,000,000
Framvegis	60,000,000	11,500,000	13,350,000
Starfsmennt	-	1,300,000	-
IDAN	-	57,000,000	75,551,304
Rafmennt		2,000,000	12,000,000
Samt. höfuðb.svæðið	346,000,000	113,800,000	125,901,304
Símenntun Vesturlandi	27,600,000	10,700,000	15,384,000
Fræðslumst. Vestfj.	22,000,000	7,500,000	12,268,885
Farskólinn NV-landi	16,000,000	4,200,000	2,581,820
SÍMEY	105,000,000	13,600,000	17,093,000
Þekkingarn. Þingeyinga	30,000,000	22,000,000	11,835,660
Austurbrú	39,000,000	5,800,000	11,400,000
Fræðslunet Suðurlands	65,000,000	11,500,000	12,625,000
Viska Vestmannaeyjum	18,000,000	9,000,000	9,898,256
MSS	150,000,000	16,000,000	6,634,000
Samt. landsbyggðin	472,600,000	100,300,000	99,720,621
Samtals allt	818,600,000	214,100,000	225,621,925

c. *Markhópur Fræðslusjóðs*

Á fundi stjórnar í október var óskað eftir því við varaformann stjórnar og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að kanna hvort til væru nýrri upplýsingar um markhóp Fræðslusjóðs og dreifingu hans um landið, en fram koma í manntali Hagstofunnar frá 2021.

Leitað var bæði til Hagstofunnar, Þjóðskrár og félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytisins. Niðurstaðan var að jafn traustar upplýsingar er ekki að fá. Þau gögn sem fást eru ekki jafn nákvæm, þó þau geti gefið vísbendingu um stöðu markhópsins.

Mikilvægt er að sjóðurinn hafi betri upplýsingar um þróun markhópsins og ekki er ásættanlegt að þurfa að styðjast eingöngu við tölur úr manntali Hagstofunnar, sem er uppfært á tíu ára fresti og næsta uppfærsla áætluð 2031.

Fram hefur komið að forsætisráðherra skipaði í haust nefnd til að skoða starfsemi Hagstofunnar þ.e. hvernig megi best mæta aukinni upplýsingapörf samfélagsins og nýta gervigreind við öflun, úrvinnslu og birtingu opinberra tölfræðiupplýsinga

Afgreiðsla: Starfsmönnum FA, ásamt formanni stjórnar Fræðslusjóðs var falið að taka saman minnisblað þar sem fram komi athugasemdir frá stjórn Fræðslusjóðs um skort á uppfærðum upplýsingum um markhópin. Minnisblaðið verður sent á formann nefndarinnar.

d. Úthlutun 2025.

Til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats

Afgreiðsla: Eftirfarandi tafla sýnir samþykka úthlutun. Er úthlutunin með fyrirvara um niðurstöður fjárlaga.

Fræðsluaðili	Vottaðar námsleiðir	Náms- og starfsráðgjöf	Raunfærnimat
Mímir-símenntun	217,300,000	29,840,000	18,070,000
Framvegis	60,000,000	8,540,000	9,650,000
Starfsmennt	-	380,000	-
IÐAN	-	37,340,000	54,600,000
Rafmennt	-	1,830,000	8,670,000
Samt. höfuðb.svæðið	277,300,000	77,930,000	90,990,000
Símenntun Vesturlandi	27,000,000	10,640,000	11,120,000
Fræðslumst. Vestfj.	17,300,000	5,960,000	7,420,000
Farskólinn NV-landi	13,800,000	3,640,000	3,250,000
SÍMEY	79,900,000	9,390,000	12,350,000
Þekkingarn. Þingeyinga	18,200,000	10,490,000	8,550,000
Austurbrú	25,700,000	5,800,000	8,240,000
Fræðslunet Suðurlands	50,100,000	11,040,000	9,120,000
Viska Vestmannaeyjum	10,500,000	3,340,000	7,150,000
MSS	114,700,000	15,740,000	4,790,000
Samt. landsbyggðin	357,200,000	76,040,000	71,990,000
Samtals allt	634,500,000	153,970,000	162,980,000

3. Önnur mál

Engin önnur mál.